

Aðalfundur SÍL

haldinn í húsnæði Promennt, laugardaginn 24. september 2017 kl. 14:00.

Viðstaddir voru fulltrúar frá fimm lúðrasveitum:

Ágústa Ragnarsdóttir frá Lúðrasveit Þorlákshafnar; Eggert Jónasson, Ívar Baldvin Júlíusson, Páll Pálsson frá Lúðrasveit verkalyðsins; Atli Týr Ægisson, Finnbogi Óskarsson, Gréta Hauksdóttir, Valgeir Geirsson frá Lúðrasveit Hafnarfjarðar; Jón Kristinn Snorrason frá Lúðrasveit Reykjavíkur; Hans Orri Straumland, Jóhann Björn Ævarsson frá Brassbandi Reykjavíkur.

Flóvent Máni Theódórsson frá Lúðrasveit Vestmannaeyjar og Berglind Halldórsdóttir frá Lúðrasveit Fljótshéraðs voru á fjarfundi.

Páll formaður setti fundinn og tók að sér fundarstjórn. Finnbogi ritaði fundargerð.

Viðstaddir staðfestu að löglega hefði verið boðað til fundarins.
Fundarstjóri rakti fyrirhugaða dagskrá fundarins skv. lögum SÍL.

Skýrsla stjórnar

Páll las skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár.

Starfsárið var heldur rólegra en árið á undan, en nokkuð hefur verið unnið í nótnamálum, bæði hvað varðar söfnun upplýsinga um íslensk tónverk. Sótt var um styrk til nótnaútgáfu til Rannís, en ekki fékkst styrkur að þessu sinni, frekar en undanfarin ár.

Finnbogi las fundargerð síðasta aðalfundar sem haldinn var í Mosfellsbæ 1. október 2016. Engar athugasemdir voru gerðar við hana og var hún samþykkt samhljóða.

Í fjarveru Ólafs lagði Páll fram óendurskoðaða reikninga fyrir síðasta reikningsár, þ.e. tímabilið 1.9.2016 til 31.8.2017. Gjöld umfram tekjur á tímabilinu voru tæpar 74.000 kr., en þar var stærsti hluti tapsins eftirakostnaður vegna útgáfu Leikandi létt 2. Aðeins fimm sveitir greiddu félagsgjöld 2016. Eign SÍL í sjóði er rúmar 1,2 Mkr. Ekki voru gerðar athugasemdir við reikningana og voru þeir samþykktir, með fyrirvara um endurskoðun.

Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar komu fram fyrir fundinn.

Tillögur um félagsgjöld

Páll stakk upp á að félagsgjald verði áfram 10.000 kr. á hverja starfandi lúðrasveit. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða. Jafnframt var ítrekaður sá skilningur fundarmanna að sveitir sem ekki eru starfandi og greiða því ekki félagsgjaldið, haldi þó áfram aðild sinni að sambandinu en hafi ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Stjórn SÍL barst umsókn um inngöngu frá Lúðrasveit Fljótshéraðs. Umsóknin var samþykkt með lófataki.

Kjör stjórnar og endurskoðenda

Engin framboð til stjórnar höfðu borist fyrir fundinn en Páll, Ólafur, Finnbogi og Hans lýstu því yfir á fundinum að þeir gæfu áfram kost á sér. Guðrún Helga hafði beðist undan áframhaldandi stjórnarsetu. Jón Kristinn bauð sig fram í hennar stað. Engin mótframboð bárust og voru þeir því kjörnir hver á fætur öðrum með lófataki.

Valgeir og Jóhann Björn buðu sig fram sem skoðunarmann reikninga. Engin fleiri framboð bárust og því voru þeir kjörnir með lófataki.

Stjórn SÍL starfsárið 2017-2018 er því svo skipuð:

Formaður: Páll Pálsson.

Ritari: Finnbogi Óskarsson.

Gjaldkeri: Ólafur Þór Snorrason.

Meðstjórnendur: Hans Orri Straumland og Jón Kristinn Snorrason.

Skoðunarmenn reikninga: Jóhann Björn Ævarsson og Valgeir Geirsson.

Önnur mál

Skerpa má á verklagi við innheimtu félagsgjalda. Sá háttur hefur verið hafður á að sveitirnar leggja peninginn inn á reikning SÍL. Gjaldkera er falið að taka saman stöðu hverrar sveitar og senda stjórn hverrar sveitar ásamt reikningsupplýsingum.

Stjórnir SÍL og SÍSL ætla að hittast næsta miðvikudag og ræða sameiginleg hagsmunamál, einkum og sér í lagi nótnaútgáfu. Möguleg dreifing á Leikandi létt 2 til SÍSL gæti farið þannig annaðhvort rafrænt eða með því að sveitirnar borgi prentkostnað. Kostnaður SÍL af því að gefa SÍSL nóturnar er um 40 þúsund (til STEF) en kostnaður við að selja þær er nær 250 þúsundum.

Landsmót: Fjögur ár eru frá síðasta stóra landsmóti í Þorlákshöfn. Fyrir ári síðan var haldið eins dags landsmót í Mosfellsbæ, en aðsókn að því var dræm. Það var í fyrsta skipti sem stjórn SÍL skipulagði landsmót, en ekki einhver lúðrasveitanna. Heppilegra er að heimasveit sjái um að skipuleggja landsmótið, og að það sé utan Reykjavíkur. Lagt er til að gerð verði könnun innan sveitanna um hvaða form fólk vilji hafa á landsmóti, og hvenær. Æskilegt væri að halda landsmót á árinu 2018.

Rætt var um þátttöku í NOMU og styrki til MMR. Jóhann Björn tók að sér að skoða þessi styrkjamál. Vandræði með verkefnastyrki vs. rekstrarstyrki.

Nótnaútgáfa: Heppilegra er að gefa út bækur eða hefti en stök lög, vegna leyfismála. Það þarf að kanna hug félaga sveitanna til áframhaldandi útgáfu. Leikandi létt 2 hefur nýst vel, líkt og eldri bækurnar þrjár. Kanna þarf stöðuna á eldri útgáfu, svo sem tölvusetningu á nótum PPP. Einnig er til nokkuð af landsmótslögum og ættjarðarlögum, auk tölvusetninga á verkum Árna Björnssonar.

Skýrslur lúðrasveitanna

Fjórar lúðrasveitir (Lv, LH, LR, LP) skiluðu inn skýrslu fyrir aðalfund, og fara þær hér á eftir. Fulltrúi Brassbands Reykjavíkur gaf stutta munnlega skýrslu um starfið.

Lv:

Undanfarið starfsár hefur verið líflegt hjá Lúðrasveit verkalyðsins. Stjórnandi sveitarinnar er Kári Húnfjörð Einarsson, en hann er að hefja 6. starfsárið sitt sem stjórnandi sveitarinnar. Að meðaltali hafa mætt um 35-40 félagar á æfingar hjá sveitinni síðastliðið starfsár en á tónleikum hafa hljóðfæraleikarar verið allt upp undir 50. Æft er einu sinni í viku allan veturinn frá byrjun september og fram til 17. júní. Sveitin spilaði einnig við margskonar opnanir og árshátíðir á árinu. Einnig var mikið um spilamennskur fyrir hin ýmsu verkalyðsfélög ásamt föstum liðum eins og 1. maí og 17. Júní. Í lok starfsársins spilaði sveitin í Gleðigöngunni líkt og undanfarin ár þar sem meðlimum annarra lúðrasveita var boðið að koma og spila með okkur.

LH:

Starfandi félagar hjá Lúðrasveit Hafnarfjarðar voru í kringum 40. Stjórnandi er Rúnar Óskarsson, sem hefur haldið um sprotann frá árinu 2010. Starfið var með nokkuð hefðbundnu sniði framan af; við héldum þrenna tónleika: Októberfest á Ölstofu Hafnarfjarðar 8. október, aðventutónleika í Víðistaðakirkju 3. desember og vortónleika í Hafnarborg 1. apríl, auk þess að spila hér og þar: skrudgöngur, polkagigg og jólalög. Í vor bar svo til í fyrsta skipti í manna minnum að ekki var gengin kröfuganga í Hafnarfirði 1. maí og því lék LH engan Nalla á árinu. Að loknu hefðbundnu starfsári 17. júní fóru um 35 félagar úr lúðrasveitinni í tónleikaferðalag til Bæjaralands og Austurríkis 19.-26. júní. Leiknir voru fernir tónleikar í Salzburg, München og nágrenni. Framundan eru Októberfest-tónleikar 7. október og aðventutónleikar með Flensborgarkórnum 25. nóvember.

LR:

Lúðrasveit Reykjavíkur varð 95 ára á þessu ári og markast tónlistarval ársins svolítið af því. Á vortónleikum sveitarinnar voru eingöngu flutt lög eftir meðlimi sveitarinnar. Á hausttónleikunum munum við svo flytja verk sem ýmist hafa verið samin eða útsett fyrir LR. Sl. haust var neðri hæð Hljómskálans endurnýjuð og eins var rafmagn efri hæðar tekið í gegn og fögnum við því að nótnasafnið okkar er komið heim eftir að hafa verið í geymslu í nokkur ár. Það á mikið eftir að gera til að koma húsinu í gott horf en við höfum stefnt að því lengi að koma ytra útliti í upprunalega mynd en þetta eru það fjárfrekar framkvæmdir að þetta mun taka nokkur ár í viðbót. Stjórnandi er Lárus Halldór Grímsson og er hann að hefja 20. starfsárið með sveitinni. Sveitin er ekki fullmönnuð og værum við alveg til í að fá fleiri til liðs við okkur. Annars er starfið hefðbundið, æft einu sinni í viku, spilað svolítið utandyra og haldnir tónleikar á veturna.

LP:

Róbert Darling lét af stjórn lúðrasveitarinnar vorið 2016 eftir að hafa stjórnað sveitinni frá stofnun eða í 32 ár. Ekki gekk að ráða nýjan stjórnanda svo tveir tónlistarkennara sem einnig

eru meðlimir sveitarinnar skiptu með sér stjórnandaverkum þennan vetur. Gestur Áskelsson tók að sér fyrri hluta vetrar og Ása Berglind Hjálmarsdóttir seinni hlutann. Ýmis hefðbundin spílamennska átti sér stað þetta starfsár sem endranær en stóru verkefni voru tvö, jólatónleikarnir Hátíð í bæ á Selfossi og vortónleikar með þemað dægurlagaperlur Magnúsar Þórs Sigmundssonar. Framundan eru spennandi tímar en nýr stjórnandi hefur verið ráðinn til starfa. Það er Snorri Heimisson sem tekur við sprotanum og fyrsta stóra verkefni hans og sveitarinnar verða nýárstónleikar í Þorlákshöfn og eru æfingar þegar hafnar.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 15:55.

Finnbogi Óskarsson